

Guðrún stöðvar okkur ekki

Guðrún Helgadóttir: Hugmyndir um að þingmenn Kvennalistans víki af þingi um tíma og varapringmenn komi hvaðan sem er af lista ekki í samræmi við þingsköp

Kvennalistakonur telja að Guðrún Helgadóttir, forseti samainaðs Alþingis geti ekki komið í veg fyrir þær hugmyndir Kvennalistans sem samþykktar voru á landsfundi samtakanna, þess efnis að „allar konur a listum kjörinna fulltrúa á þingi séu varabingkonur“, og að „stefnt skuli að því að hver þingkona fari a.m.k. hálfan mánuð út af þingi,“ verði að raunveruleika á yfirstandandi Alþingi. Guðrún Helgadóttir hefur lýst þessum hugmyndum sem

vanvirðingu við Alþingi og telur að auk þess væri um brot á lögum og þingsköpum að ræða.

„Það stendur í þingsköpunum að það sé heimilt að kalla inn varabingmenn. Þetta er engin breyting og hefur verið stundað í fimm ár, svo við skiljum ekki hvaða uppistand þetta er, en á hinn bóginn hefur Guðrún Helgadóttir alltaf verið þessarar skoðunar og er því sjálfri sér samkvæm,“ sagði Kristín Einarssdóttir á blaðamannafundi sem

Kvennalistinn hélt í tilefni af nýloknun landsfundi samtakanna. Kom þar fram að kvennalistakonur hafa hugsað sér að það verði ákveðið fyrir 15. september hvert ár hvaða konur verði „virkar varakonur“ og fylgdust þær betur með störfum þingfloksins. Það yrðu angarnir sem ákveða hverjar yrðu í þeim hópi.

Sagði Ingibjörg Sólrun að svipað kerfi væri virkt í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem allir á lista væru gjaldgengir varamenn eins

og Guðrún Helgadóttir ætti að vita kvenna best og þó talaði enginn þar um óvirðingu fyrir borgarstjórn. Sögðu fulltrúar Kvennalistans að þetta væri gert til að þær konur sem hefðu áhuga á að koma málum að á þingi fengu til þess tækifæri. Þær viðurkenndu þó að þetta gæti haft nokkra truflun í för með sér á störfum nefnda, þó reynt væri að búua þannig um hnútanna að þær yrðu sem minnstar. Aðspurðar um nágildandi reglur um hvaða

ástæður þurfi að liggja fyrir svo þingmaður teljist löglega forfallaður, sagði Kristín Jónsdóttir að meðal þeirra væru „persónulegar aðstæður og það er ekki farið ofan í það hvaða ástæður það eru“. Aðspurð jánskaði Kristín því að meðal þeirra persónulegu ástæðna gæti verið löngun sitjandi þingmanns að hleypa flokksystur sinni að á Alþingi með sitt mál.

-phh



Forstumenn Kvennalistans á blaðamannafundi í gær. Mynd: Þóm.

Kvennalistinn

Grundvallarspurningum ósvarað

Kristín Ástgeirs dóttir: „Samtökin hafa ekki tekið afstöðu til breytinga á stjórnerfinu, eignarhalds á fyrirtækjum, ríkisafskipta og fleiri grundvallarmála“

Pað sem ég átti við þegar ég sagði á Lýsuholi að margt í vinnubrögðum Kvennalistans væri fyrir neðan allar hellur, var að ég tel að við höfum ekki sýnt nægilega mikla fyrirhyggju og ég var mjög óhress yfir því að við vorum ekki nógum vel undirbúnar undir þau átök sem mátti sjá að voru framundan, þegar stjórnin fell, sagði Kristín Ástgeirs dóttir á blaðamannafundi.

„Mín skoðun er sú að það sé ansi mörgum grundvallarspuringum ósvarað, eins og hvað varðar afstöðu til breytinga á stjórnerfinu, afstöðu til atvinnulífsins, eignarhalds á fyrirtækjum, hversu langt að ganga í sambandi við ríkisrekstur o.fl. Mál eins og þessi hafa einfaldlega ekki komist hér á dagskrá, en

sem stjórnmalasamtök verðum við að útfæra hugmyndir okkar að þessu leyti,“ sagði Kristín.

Aðspurð um það með hvaða hætti hún teldi að ríkið ætti að koma inn í fyrirtækjarekstur, sagði Kristín að ríkið ætti að ann-

ast félagslega þjónustu og svo að halda uppi nauðsynlegum rekstri sem tryggir byggð í landinu. Hins vegar væri margs konar rekstur sem ríkið ætti að sleppa og tók Kristín sem dæmi embætti Húsa-meistara ríkisins, „sem mér finnst

að mætti leggja niður“. Kom fram að þróngur hópur kvennalistakenna hefðu rætt þessi mál og var á þeim að skilja að „það yrði lítið eftir af sumum ráðuneytunum“, þegar þær væru búnar að fara um þau höndum.

-phh